



Alþingi
Erindi nr. P 140/2341
komudagur 10.5.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2012

Efni: umsögn um þskj. 1186 – 748. mál. Frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu.

Íslensk málnefnd hefur fengið til umfjöllunar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, sem lagt var fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.

Íslensk málnefnd hefur rætt frumvarpið og telur að nokkuð vel sé hugsað fyrir íslenskri tungu. Hún vill þó gera þá athugasemd að hvergi er í lagatextanum minnst á málstefnu Ríkisútvarpsins og ekki fyrr en í athugasemdum við 3. gr. Málstefna er afar brýn og mikilvægt aðhald.

Þá vill Íslensk málnefnd vekja athygli á að hvorki í lagatextanum né í athugasemdum er minnst á málfarsráðunaut. Ef Ríkisútvarpinu er ætlað að „leggja rækt við íslenska tungu“ (sbr. 1. gr. og 3. gr.) er afar mikilvægt að textahöfundar stofnunarinnar geti leitað ráða hjá málfarsráðunaut og að málfarsráðunautur geti gert athugasemdir við meðferð tungunnar hvar sem er innan Ríkisútvarpsins ef þurfa þykir.

Virðingarfyllst,

f. h. Íslenskrar málnefndar,

Guðrún Kvaran
formaður